



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Reykjavík, 20. febrúar 2019

Efni: Drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur birt á samráðsgáttinni drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða til samráðs. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 er Samgöngustofu heimilt að gera sérkröfur vegna bifreiða sem notaðar eru til flutnings skólabarna og skulu slíkar kröfur staðfestar af ráðherra.

Umboðsmaður barna fagnar drögunum og skjótum viðbrögðum Samgöngustofu og ráðuneytisins, en hann sendi áskorun þess efnis til Samgöngustofu og ráðuneytisins þann 25. júní 2018 að Samgöngustofa nýtti sér þá heimild sem henni er veitt í 2. mgr. 12. gr. framangreindra laga. Taldi umboðsmaður mikilvægt að sérstaklega yrði tekið til skoðunar að nýta heimildina til að gera auknar gæða- og tæknikröfur til bifreiða sem notaðar eru til flutnings skólabarna með öryggi skólabarna að leiðarljósi.

Eins og fram kom í áskorun umboðsmanns, sem finna má hér að neðan í heild sinni, hefur umboðsmaður barna um langt skeið haft áhyggjur af öryggi barna við framkvæmd skólaaksturs grunnskólabarna. Framangreind heimild var lögfest á sínum tíma vegna ákalls um aukið öryggi skólabarna í skólabifreiðum en börn eru þjóðfélagshópur sem á rétt á sérstakri vernd umfram aðra. Umboðsmanni barna er enn að berast ábendingar um að öryggi barna sé ekki fullilega tryggt í bifreiðum sem notaðar eru til skólaaksturs. Taldi umboðsmaður því mikilvægt að sérstaklega yrði tekið til skoðunar að nýta framangreinda heimild til að gera auknar gæða- og tæknikröfur til bifreiða sem notaðar eru til flutnings skólabarna samkvæmt bestu þekkingu og niðurstöðum rannsókna hverju sinni með öryggi skólabarna að leiðarljósi.

Að lokum vill umboðsmaður benda á að ekki er ljóst samkvæmt 7. gr. reglnanna í hversu langan tíma undanþága samkvæmt greininni megi gilda þrátt fyrir að ekki sé heimilt að veita hana eftir 31. desember 2020.

Virðingarfyllst,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna



Samgöngustofa

b.t. Þórólfs Árnasonar, forstjóra

Reykjavík, 25. júní 2018

Efni: Áskorun til Samgöngustofu um að nýta sér heimild 2. mgr. 12. gr. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017, sem snýr að sérkröfum vegna bifreiða sem eru notaðar til flutnings skólabarna.

Umboðsmaður barna hefur um langt skeið haft áhyggjur af öryggi barna við framkvæmd skólaaksturs grunnskólabarna. Allt frá árinu 1995 hefur embættið bent á mikilvægi þess að ástand ökutækja sem ætlað er að flytja skólabörn sé eins og best verður á kosið. Ábendingum fjölgaði til umboðsmanns um að eftirlit með ástandi og öryggisbúnaði skólabifreiða væri ábótavant eftir að grunnskólinn var fluttur alfarið til sveitarfélaganna árið 1996 en þá var skólaakstur víða endurskipulagður. Umboðsmaður barna gaf út álit um skólaakstur 23. nóvember 1998 þar sem lögð var áhersla á að tryggð yrði ákveðin samræming í skólaakstri á vegum sveitarfélaga.¹

Framangreint álit umboðsmanns var haft til hliðsjónar við samningu laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, nr. 73/2001 og var að finna nýmæli í lögnum sem veitti Vegagerðinni (og síðar Samgöngustofu) heimild til að gera sérkröfur til bifreiða sem notaðar væru til flutnings skólabarna. Þessi heimild er nú í 2. mgr. 12. gr. núgildandi laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017. Samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu hefur heimildin ekki verið nýtt og því engar sérkröfur gerðar vegna bifreiða sem notaðar eru til flutnings skólabarna aðrar en þær sem eru í leyfisskoðunarhandbók hópbifreiða og reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004.

Börn eru þjóðfélagshópur sem á rétt á sérstakri vernd umfram aðra. Þegar stjórnvöld gera ráðstafanir sem varða börn ber þeim ávallt að hafa bestu hagsmuni þeirra að leiðarljósi,

¹ Álitið má nálgast í ársskýrslu umboðsmanns barna fyrir árið 1998, en álitið hefst á bls. 31, sjá: <https://barn.is/media/18641/SUB-1998.pdf>

samkvæmt 3. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013. Umboðsmaður barna furðar sig á því að í 17 ár hafi verið til staðar heimild til að gera auknar öryggiskröfur til bifreiða sem notaðar eru til aksturs skólabarna en að sú heimild hafi ekki verið nýtt. Það er lögbundið hlutverk Samgöngustofu að stuðla að öruggum samgöngum, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga um Samgöngustofu, nr. 119/2018. Samgöngustofa gegnir því lykilhlutverki í að móta stefnu sem miðar að því að tryggja umferðaröryggi barna. Umrædd heimild var lögfest vegna ákalls um aukið öryggi skólabarna í skólabifreiðum. Umboðsmanni barna er enn að berast ábendingar um að öryggi barna sé ekki fyllilega tryggt í bifreiðum sem notaðar eru til skólaaksturs. Hér er um afar mikilvæga hagsmuni að ræða þar sem tryggja þarf öryggi barna að fullu samkvæmt bestu þekkingu og niðurstöðum rannsókna á hverjum tíma.

Umboðsmaður barna hefur fengið þær upplýsingar frá Samgöngustofu að til standi að endurskoða og uppfæra allar reglur er snúa að ökutækjum sem notuð eru til farþegaflutninga, þar með talið til aksturs skólabarna. Umboðsmaður ítrekar mikilvægi þess að sérstaklega verði tekið til skoðunar að nýta heimild til að gera auknar gæða- og tæknikröfur til bifreiða sem notaðar eru til flutnings skólabarna með öryggi skólabarna að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna